

Ed.

318. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, á þskj. 219, er þáttur í stórfelldum auknum skattaálögum sem ríkisstjórnin og sá þingmeirihluti, sem hana styður, standa að. Frv. gerir ráð fyrir að innheimta í ríkissjóð allan þann skattauka í tekju- og eignarskatti, sem vinstri stjórnin lagði á sem afturvirka skatta haustið 1978. Því til viðbótar munu þær tillögur frá 1. minni

hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, sem fluttar eru á þskj. 309, auka enn tekjuskatta einstaklinga um 2—3 milljarða kr. frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir, en forsenda tekjuáætlunar fjárlaga var sú, að vinstristjórnarskattarnir skiluðu sér í ríkissjóð. Í tekjuáætlun fjárlaga er miðað við að álagður tekjuskattur á einstaklinga nemi 43 500 millj. kr. Var þá gert ráð fyrir að meðaltekjur hækkuðu milli ára 1978 og 1979 um 45%. Nýjustu upplýsingar Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að tekjubreytingin verði 47—48% (sjá þskj. I). Skattstigatillögur 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar hafa því í för með sér 45 500—46 500 millj. kr. tekjuskattsálögur á einstaklinga í ár, þ. e. framangreinda skattahækkun.

Mikil skæðadrifa nýrra og hækkaðra skatta hefur dunið yfir þjóðina að undanfögnu. Nú er svo komið, að heildarskattheimta ríkis og sveitarfélaga þyngist á yfirstandandi ári um 54 milljarða vegna aðgerða núverandi ríkisstjórnar og fyrri vinstri stjórnar. Þessi aukna skattbyrði nemur hvorki meira né minna en 1 300 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta fé hefðu heimilin handbært í ár ef sömu álagningarreglur skatta til ríkis og sveitarfélaga giltu eins og 1978, áður en vinstri stjórnin tók þá við völdum, þ. e. þegar sjálfstæðismenn réðu síðast ríkisfjármálunum.

Hækkun beinna skatta.

Af þessari skattahækkun af völdum þessara tveggja ríkisstjórna hækka beinir skattar um 25 milljarða kr. frá því sem verið hefði, ef sama hlutfall tekna gengi til greiðslu þeirra og á árinu 1978. Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, útsvör og fasteignaskattar námu árið 1978 11.6% af brúttótekjum skattgreiðenda. Hér er átt við venjulega álagningu það ár áður en afturvirkur sköttunum var bætt við. Þessir skattar eru að mati Þjóðhagsstofnunar í ár 14.2% af brúttótekjum yfirstandandi árs (sjá þskj. II). Í þeirri áætlun er einungis gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattar verði í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps, en ekki 2—3 milljörðum hærrí, og að heimild til 10% hækkunar útsvars verði aðeins nýtt að hálfu. Raunsærra er því að gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði í raun 14.6—14.8%.

Þjóðhagsstofnun hefur áætlað brúttótekiur framteljenda 820 milljarða króna 1980 (miðað við 47% tekjubreytingu milli ára 1978 og 1979). Beinir skattar, sem greiddust af þessum 820 milljörðum (þ. e. í tekju- og eignarskatt, útsvar, sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta), yrðu þá 11.6% af 820 milljörðum miðað við álagningarreglur 1978 og 14.7% 1980 eða:

Skattar í ár miðað við mismunandi álagningarreglur:

1978	1979	Skattahækkun
11.6% brúttótekna	14.7% brúttótekna	
m. kr.	m. kr.	m. kr.
95 000	120 000	25 000

Með sama skatthlutfalli á greiðsluári og 1978 hefðu borgararnir greitt 95 milljarða í beina skatta á þessu ári, en greiða nú nálægt 120 milljörðum skv. tillögum 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um tekju- og eignarskatta, sem hér liggja fyrir, og aukinni heimild til álagningar útsvara svo og gildandi lögum um sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta.

Hækkun óbeinna skatta.

Óbeinir skattar í ár verða 31 milljarði króna þyngri vegna ákvarðana núv. ríkisstjórnar og vinstri stjórnarinnar síðan haustið 1978.

Þessi aukaskattreikningur óbeinna skatta sundurliðast þannig:

1. Hækkun söluskatts (í fyrrihaust) um 2%	10 300
2. Hækkun vörugjalds (sama tíma) um 6%	7 715
3. Gjald á ferðalög til útlanda	1 700
4. Nýbyggingagjald	250
5. Skattur á verslunarhúsnæði	1 700
6. Aðlögunargjald	1 840
7. Hækkun verðjöfnunargjalds af raforku	1 220
8. Skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkunir	10 100
9. Nýtt „orkujöfnunargjald“ sem er í raun 1.5% söluskattur	6 000
10. Markaðar tekjur auknar í ríkissjóð	4 714
	<hr/>
	45 539
Frá dregst niðurfelling söluskatts af matvörum og tollalækkun	14 500
	<hr/>
	31 039

Framangreindar tölur er að finna í fjárlögum og sumpart reiknaðar skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, sem stuðst er við. Hækkun söluskatts og vörugjalds, sem ákveðin var í fyrrihaust af vinstri stjórninni, leggur í ár 18 milljarða skattaálögur á þjóðina, en í fyrra voru þessar skattahækkunir 2.7 milljarðar, vegna þess hversu seint hækkunin kom til framkvæmda á árinu. Gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingagjald, skattur á verslunarhúsnæði og aðlögunargjald eru allt nýir skattar sem fyrst voru lagðir á af vinstri stjórninni. „Orkujöfnunargjald“, sem er í raun almenn hækkun söluskatts, er uppfinning núv. ríkisstjórnar og leggur nýja skattbyrði á sem nemur 6 milljörðum í ár, en á 12 mánuðum tæpum 8 milljörðum.

Skattaálögur á bensín hafa þrefaldast að krónutölu síðan 1978, og er nú svo komið að hvergi í veröldinni eru meiri skattar á rekstur og stofnkostnað bifreiða en á Íslandi. Santímis hafa bein framlög úr ríkissjóði til vegaf framkvæmda verið skorin niður og verða 2 milljörðum minni að raungildi en 1978 og skattar á bensín renna í æ ríkara mæli í ríkissjóð. Rúmlega helmingur (51%) skatttekna af bensíni gekk til vegaf framkvæmda árið 1978, en skv. fjárlögum 1980 fara einungis 38% af bensínskóttunum í Vegasjóð.

Ef saman er borin skattlagning á bensín 1978 og skv. fjárlögum 1980 er samanburðurinn þannig:

	1978	1980
	M. kr.	M. kr.
Bensíngjald til vega	4 626 51%	11 000 38%
Tollur og söluskattur	4 445 49%	18 000 62%
	<hr/>	<hr/>
	9 071	29 000

Hækkunin er tæpir 20 milljarðar eða 221%. Hér er um hækkun að ræða sem er 10.1 milljarði umfram verðlagshækkunir, því byggingarvísitala er áætluð hækka um rúmlega 108% frá miðju ári 1978 og fram á mitt ár 1980. Ástæðan fyrir þessum gegndarlausu skattaálögum er sú, að innflutningsverð á bensíni hefur stórhækkað vegna orkukreppunnar. Hvergi hefur þó verið slakað á álagningu söluskatts og tolla sem bætast ofan á þessa verðhækkun, heldur þvert á móti hækkað hlutfall lagt á.

Verð á bensínlíttra hækkaði í dag um 60 kr. Þar af renna 42 kr. í ríkissjóð og er bensíngjald þó ekki nema rúmlega 20 kr. af því. Eftir þessa hækkun sundurliðast verð á bensíni þannig:

Bensíngjald í Vegasjóð	91.36 kr. af lítra
Söluskattur og tollur	156.14 kr. af lítra
Til olíufélaganna	182.50 kr. af lítra
	<hr/>
Samt.	430.00 kr.

Til ríkisins ganga 247.50 af verði bensínlítra eða 57.6%, en 21.2% af verðinu fara til vegafrankvæmda.

Öllum sæmilega viti bornum mönnum hlýtur að skiljast, að hér er stefnt út í algjöra ófæru. Eitt arðbærasta félagslega verkefni, sem biður úrlausnar með þjóðinni, er gerð varanlegra vega. Bundið olíumalarslitlag með 1000 bíla ársútfærð er 6—7 ár að borga sig í sparnaði á viðhaldi vegarins. Slíkt slitlag sparar einnig:

- 21% af eldsneytiskostnaði,
- 170% í viðhaldi hjólbarða,
- 45% í viðhaldi bifreiða.

Meðaltalsslit bifreiða er talið 63% meira á malarvegi en vegi með bundið slitlag. Vegagerð ríkisins telur að 2000—2500 km af íslenskum vegum séu með þeirri ársútfærð að arðbært sé að leggja á þá varanlegt slitlag. Þegar slíkt félagsleg stórvirki biða úrlausnar er það óskiljanleg fjarstæða að auka sífellt skattaálögur til almennra þarfa ríkissjóðs á rekstur og stofnukostnað bifreiða — svo að heimsmet er slegið — og minnka samtímis framlög af því fé til vegamála.

Skattahækkunir núverandi ríkisstjórnar.

Mörgum þótti nóg um gífurlegar skattahækkunir vinstri stjórnarinnar þá þrettán mánuði sem hún sat að völdum frá hausti 1978. Í kosningabaráttunni í vetur var það eitt af grundvallarstefnumiðum Sjálfstæðisflokksins að afnema alla vinstri-stjórnarskattana og leggja tekjuskattinn niður sem almennan launaskatt.

Núverandi ríkisstjórn hefur farið alveg öfuga leið. Hún viðheldur öllum vinstri-stjórnarskóttunum og bætir álögum á þjóðina næstum daglega. Hún ber ábyrgð á að söluskatts- og vörugjaldshækkunin, sem ákveðin var í fyrrahaust, leggjur á þessu ári 15 milljörðum króna meiri skattaálögur á almennig en í fyrra. Hún heimilar sveitarfélögum að leggja á að gíska 4—5 milljarða aukauðsvar á skattborgarana. Hún bætir 2—3 milljörðum við tekjuskatta einstaklinga ofan á hækkun vinstri stjórnarinnar og leggur á nýtt „orkujöfnunargjald“ sem eykur skattbyrðina um 6 milljarða. Aukaskattreikningur hennar eftir rúmlega tveggja mánaða setu lítur því þannig út:

	Millj. kr.
1. Hækkun á vörugjaldi og söluskatti	15 000
2. Hækkun útsvara	4 500
3. Hækkun tekjuskatta	2 500
4. „Orkujöfnunargjald“	6 000
Samtals	28 000

Við þetta mætti bæta áframhaldandi okurskattlagningu á bensín, hækkun flugvallagjalds o. fl., o. fl.

Núverandi ríkisstjórn ber því ábyrgð á meira en helmingi þeirrar auknu skattbyrðar sem lagst hefur á skattborgarana frá haustinu 1978. Á tveimur mánuðum hefur hún slegið skattamet vinstri stjórnar sem var 13 mánuði við völd.

Skattastefna Sjálfstæðisflokksins.

Við fulltrúar þingflokks Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. erum þessari skattastefnu algerlega andvígir. Fyrr í vetur fluttum við brtt. um skattstíga ásamt fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni. Þær tillögur fólu í sér rúmlega 7 milljarða króna skattalækkun og voru áfangi á þeirri leið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Þeirri stefnu hefur verið haldið fram af sjálfstæðismönnum í áratugi og hefur hún nú hlotið víða hljómgrunn, m. a. í Alþýðuflokknum. Þessar tillögur voru felldar í Ed. Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni flytjum hér enn breytingartillögur við þetta frumvarp, sem fela í sér eftirfarandi meginstefnu:

- 1) Að álagning tekju- og eignarskatta sé sú sama eða sem hliðstæðust og var 1978 eftir þeim lögum sem sjálfstæðismenn báru þá ábyrgð á.
- 2) Að afturvirk aukning tekju- og eignarskatta einstaklinga og félaga, sem vinstri stjórnin lagði á, sé afnumin, en þessir skattar hafa verið lagðir á í einu eða öðru formi síðan haustið 1978 og felast í till. 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.
- 3) Að tekjuskattar til ríkisins lækki sem svarar hækkun á útsvörum sem heimiluð var nú fyrir skömmu.

Hér er miðað við skatthlutfall af tekjum fyrra árs.

Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd teljum að allir þingmenn, sem kosnir voru á Alþingi af listum sjálfstæðismanna, hafi skuldbundið sig til að fylgja slíkri meginstefnu í álagningu tekju- og eignarskatta, enda lítum við svo á að hér sé um lágmarksskref að ræða í þá átt að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Nánari grein fyrir breytingartillögum sjálfstæðismanna á þskj. 315.

Lagt er til að tekjuskattsstigar einstaklinga verði þannig:

25% af fyrstu 4 000 000 kr.

35% af næstu 4 000 000 kr.

45% af hærri tekjum en 8 000 000 kr.

Barnabætur verði sem hér segir:

Með fyrsta barni 150 000 kr. Með hverju barni umfram eitt 215 000 kr. Fyrir börn yngri en 7 ára verði barnabæturnar 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra er lagt til að verði 280 000 kr. með hverju barni. Persónuafsláttur verði 525 000 kr. á einstakling.

Þetta þýðir 7.2 milljörðum kr. lægri tekjuskatta einstaklinga heldur en breytingartillaga 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar gerir ráð fyrir. Hækkun fyrsta skattþrepsins léttir 5 000 millj. kr. tekjuskattsþyrði af gjaldendum umfram tillögur 1. minni hl. nefndarinnar og síðasta skattþrepið 2 200 millj. kr.

Skattalækkun einstaklinga yrði skv. þessum tillögum 12% og hjóna 17%, en meðaltalslækkunin yrði 16.4%.

Eftir að heimild var samþ. um 10% álag á útsvar eru tekjur, sem skattlagðar eru í efsta skattþrepi, skv. till. 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, þ. e. a. s. 50%, skattlagðar þannig að af hverjum 100 kr. fara 64.80 kr. til ríkis og sveitarfélaga.

Þessi háa skattprósenta sundurliðast þannig:

Tekjuskattur með álagi til Byggingarsjóðs	50.5%
Útsvar	12.1%
Kirkjugarðsgjald	0.2%
Sjúkratryggingagjald	2.0%
	<hr/>
	64.8%

Með slíkri skattlagningu er stórlega verið að draga úr framtaki almennings, og það getur varla verið hugmynd þeirra sem ráða skattstefnunni. Skárri er að afla fjár í ríkissjóð með neyslusköttum, að svo miklu leyti sem þörf er á, heldur en tekjusköttum sem keyra svo úr hófi. Því er lagt til í till. okkar að efsta skattþrepið verði ekki hærra en 45%, þótt jaðarskattur samtals eigi ekki að vera meiri en 50% af tekjum.

Um eignarskatta er gerð sú tillaga, að þeir verði eins og 1978 að því er varðar einstaklinga. Sem fyrsti áfangi í lagfæringu eignarskatts félaga er lagt til að hann verði frádráttarþær frá tekjuskatti. Vegna breytinga á ársuppgjöri félaga má búast við verulegri hækkun eignarskatta þeirra, og hlýtur að koma til athugunar að breyta

Þessari skattheimtu, þar sem hún mun nánast óþekkt annars staðar en hér á landi og er því til þess fallin að draga úr samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega (sjá bréf frá Verslunarráði Íslands, fskj. III).

Þar breytingar, sem hér eru lagðar til um lækkun tekjuskatta félaga og eignar-skatta einstaklinga, má áætla að dragi úr tekjum ríkissjóðs um 2 500 millj. kr. Heildar-tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytingartillagna er því um 9 700 millj. kr.

Þegar haft er í huga, að meiri tekjuhækkun almennings milli ára gæti fært ríkissjóði 2—3 milljarða upp í þessa lækkun, ætti að vera unnt að finna leiðir til þess að skera niður útgjöld um 6—7 milljarða króna til þess að þoka skattheimtunni í framangreinda réttlætisátt. Við undirritaðir erum reiðubúnir til samstarfs um slíkan niðurskurð, enda teljum við útilokað að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með skattahækkun ofan á skattahækkun oft á ári, eins og gerst hefur undanfarin ár.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN.

10. apríl 1980.

Áætlun um breytingu á tekjum einstaklinga 1978—1979.

Undanfarin ár hefur Þjóðhagsstofnun tekið úrtak úr skattframtölum einstaklinga í Reykjavík og nokkrum öðrum stöðum í því skyni að áætla tekjubreytingu milli ára til endurskoðunar á áætlun fjárlaga um tekjuskatt einstaklinga. Athuganir þessar hafa venjulega verið gerðar í lok febrúar eða í mars, eftir því sem framtöl hafa verið aðgengileg á skattstofum. Þar sem framtalsfrestur rann út mun seinna í ár en venjulega, var ekki unnt að gera úrtaksathugun á framtölum fyrir en nú síðustu dagana, þ. e. eftir að framtölum hafði verið raðað á skattstofum. Niðurstöður úrtaksathugunar liggja nú fyrir í Hafnarfirði, Keflavík, Grindavík og Sandgerði og einnig fyrstu tölur úr Reykjavík. Þar sem ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skilgreiningu brúttó- og nettótekna til skatts er erfitt að bera saman þessar tekjur árin 1978 og 1979, og betri vísbending um tekjubreytinguna að þessu sinni fæst því líklega með því að líta á breytingu atvinnutekna. Niðurstöður úrtaksathugunarinnar eru eftirfarandi:

	Breyting atvinnutekna 1978—1979
Reykjavík	46%
Hafnarfjörður	54%
Keflavík	48%
Grindavík	52%
Sandgerði	55%

Meðaltal þessara staða vegið með tekjum 1978 er 47%. Hér er nær eingöngu um niðurstöðu úr framtölum launþega að ræða, enda hafa einstaklingar með atvinnurekstur enn frest til þess að skila framtölum. Áætlanir, sem að nokkru eru studdar athugun á framtölum, benda til þess, að meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum hækki minna en atvinnutekjur, e. t. v. um 45—46%, ef miðað er við samþærilegt tekjuhugtak bæði árin.

Milli árunna 1977 og 1978 hækkuðu meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum um 56.2%, en annars staðar á landinu um 60%. Óvíst er hvort munurinn er sá sami

nú, þar sem tekjuhækkun hjá bændum var óvenjumikil 1978, en á hinn bóginn var tekjuhækkun sjómanna og þeirra, er vinna við fiskvinnslu, meiri en meðaltekjuhækkun í fyrra og vegur það þyngra utan þess svæðis, sem úrtakið nær til. Sé gert ráð fyrir því, að tekjuhækkun utan úrtakssvæðis hafi verið 47—48% (brúttótekjur), verður meðalhækkun á framteljanda á öllu landinu 46—47%. Hér er enn um áætlun að ræða, sem að visu er studd úrtaksathugunum á nokkrum stöðum, sem yfirleitt hafa gefið nokkuð góða raun. Úrtakið í Reykjavík er þó enn sem komið er minna en verið hefur síðustu árin, þar sem ekki var unnt að hefja athuginina fyrr en í dag, 10. apríl 1980. Úrvinnsla úr Reykjavíkurathugun er því enn skammt á veg komin og verður að gera fyrirvara um það.

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun
Vinnublað.

27/2/1980

Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1980.

Ár:	Brúttótekjur M.kr.	Álagðir skattar ¹⁾ M.kr.	Álagðir skattar % af tekjum fyrra árs	Álagðir skattar % af tekjum greiðsluárs
1964	10 710	—	—	—
1965	13 150	1 496	14.0	11.4
1966	15 600	1 997	15.2	12.8
1967	16 260	2 279	14.6	14.0
1968	17 330	2 580	15.9	14.9
1969	19 950	2 945	17.0	14.8
1970	25 652	3 410	17.1	13.3
1971	32 903	4 651	18.1	14.1
1972	43 090	6 650	20.2	15.4
1973	59 626	8 550	19.8	14.3
1974	89 750 ²⁾	10 100	16.9—15.2 ³⁾	11.3/10.1 ⁴⁾
1975	118 820	13 520	15.1	11.4
1976	159 800	20 040	16.9	12.5
1977	237 360	25 050	15.7	10.6
1978	376 000	43 800/45 100 ⁵⁾	18.5/19.0	11.6/12.0
1979 áætl.	556 000	74 700	19.9	13.4
1980 ⁶⁾	800 000	111 000	20.0	13.9

1) Tekju- og eignarskattur, útsvar, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, sjúkratryggingagjald, fasteignaskattar.

2) Fjölskyldubætur meðtaldar.

3) Fjölskyldubætur eru hér dregnar frá álgðum skatti 1974 til þess að gera tölurnar sambærilegar við 1975 og síðari ár.

4) Seinni talan er af tekjum 1974 án fjölskyldubóta.

5) Seinni talan með viðbótarálagningu haustið 1978.

6) Miðað við forsendur tekjuáætlunar dags. 27. febrúar. Hér er miðað við óbreytt álagningarhlutfall útsvars frá 1979. Verði álagsheimild rýmkuð úr 11% í 12% og sú heimild t. d. notuð að hálfu á árinu 1980, hækka álagðir skattar í 113.7 milljarða króna og skatthlutfall verður 20.4% af tekjum fyrra árs og 14.2% af tekjum greiðsluárs.

Fylgiskjal III.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
Alþingi, Rvík.

11. apríl 1980.

Varðandi frumvarp til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt (skattstiga) vill Verslunarráð Íslands enn itreka, að eftirfarandi atriði verði tekin til greina:

Eignarskattur.

Eignarskattur er afar óréttlátur skattur, sem vart þekkest að lagður sé á atvinnurekstur í nágrannalöndum okkar. Eðlilegast væri því að afnema hann alfarið. Ljóst er þó að það verður ekki gert nú, og því verður að sniða af verstu vankantana og sjá til þess, að eignarskattur af atvinnurekstri margfaldist ekki í ár frá fyrra ári. Verslunarráðið leggur því mikla áherslu á, að eignarskattur af atvinnurekstri verði frádráttarbær til tekjuskatts, og fjárfesting í atvinnulífinu verði skattlögð eins til eignarskatts og fjárfesting í spariskirteinum ríkissjóðs og skatthlutfallið verði ekki hækkað frá gildandi lögum, úr 0.8% í 1.2%, því að viðtækt endurmat eigna í atvinnurekstri margfaldar skattskylda eign til eignarskatts.

Þær tillögur, sem hér voru nefndar, njóta einróma stuðnings í atvinnulífinu. Þær miða að því, að eignarskattur aukist ekki frá því, sem verið hefur. Eignarskattur félaga hefur verið frádráttarbær til tekjuskatts, en aðskilið uppgjör á atvinnurekstri í nafni einstaklinga gerir nú kleift, að frádráttarbærnin nái einnig til slíks atvinnurekstrar. Viðtækt endurmat eigna veður loks slíkri hækkun eignarskatts, að hækkun skatthlutfallsins er óverjandi. Að þessu leyti miða tillögurnar að því, að eignarskattur verði ekki að mun mikilvægari tekjustofni fyrir ríkissjóð en verið hefur. Auk þess opna þær leið, svo að fjárfesting í atvinnurekstri njóti sömu skattakjara og spariskirteini ríkissjóðs, en sú breyting er algjör nauðsyn vegna þess hve verðbólgan hefur rýrt eigið fé fyrirtækja á undanförunum árum. Nú eru fyrirtækjum reiknaðar tekjur af öllu því hagræði, sem lánsfjármögnun kann að veita, og því er nauðsynlegt að gera slíka breytingu, ef fjárfesting í atvinnulífinu á ekki að dragast saman með þeim afleiðingum fyrir atvinnutækifæri, nú og í framtíðinni, sem sá samdráttur skapar.

Tekjuskattur.

Í áður gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 68/1971, þar sem tekjuskattur var greiddur ári eftir að tekjurnar mynduðust, var skatthlutfallið 53% hjá félögum. Eðlilegt virðist því, að hlutfallið hækki einungis í 53% í lögum nr. 40/1978, þegar horfið er frá samtímagreiðslu.

Þótt enn sé margt óljóst um áhrif nýrra laga á skattskyldar tekjur félaga, er ljóst, að tekjufærsla skv. 53. gr. stórhækkar tekjur félaga og verður stór þáttur í skattskyldum tekjum þeirra. Virðast mörg skattauppgjör benda til þess, að þetta atriði hafi verið töluvert vanmetið, þannig að tekjuskattstofn félaga verður sennilega síst minni en verið hefur. Einnig verður nú sú breyting, að tap er einungis frádráttarbært frá tekjum þegar varasjóður er uppurinn. Hann er því ekki lengur sú frestun á skattlagningu sem var.

Við þessar aðstæður er vægast sagt varhugavert að ákveða skatthlutfallið 65% og ósanngjarnt í samanburði við næstu samkeppnislönd okkar. Svo hátt skatthlutfall ásamt 1.2% eignarskattshlutfalli og öðrum skattahækkunum torveldar yfirstandandi kjarasamninga, leiðir til verðlagshækkana á síðari hluta ársins, skerðir sam-

keppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og virðist flytja atvinnulífinu þá skoðun Alþingis, ef af samþykkt verður, að atvinnurekstur sé betur kominn í höndum opinberra aðila en einstaklinga.

Með virðingu,

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Árni Arnason,
framkvæmdastjóri.